



## Reglur Skjálftans 2021

1. Allir grunnskólar Árnessýslu með unglíngastíg (8. 9. og 10. bekkir) hafa leyfi til að senda eitt atriði í keppnina.
2. Allar listgreinar og hverskonar atriði eru leyfileg.
3. Lengd atriðis er allt að 6 mínútur.
4. Ekki er leyfilegt að „mæma“ eftir söng í keppninni, það er að láta líta svo út sem söngur sem leikinn er í hljóðkerfi fari fram á sviðinu. Sama á við um hljóðfærleik.
5. Atriðið má aðeins fara fram á sviði, ekki á öðrum stöðum í salnum.
6. Val á atriði verður að fara fram innan grunnskólans og er fyrirkomulag á því hvernig atriðið verður til útfært í hverjum skóla fyrir sig.
7. Hugmynd að atriði verður að koma frá grunnskólanemendum en ekki frá utanaðkomandi aðila. Atriðin eiga að vera unnin af nemendum frá hugmynd til sviðsetningar. Hlutverk fullorðinna er að vera til halds og trausts fyrir hópinn og leiðbeina í gegnum ferlið.
8. Þátttakendur keppa allir sama kvöldið, samtals 10 atriði frá jafnmörgum skólum taka þátt í Skjálftanum árið 2021.
9. Hver grunnskóli fyrir sig verður að hafa ljósamann, hljóðmann og sviðsmann sem starfa samhliða fag-tæknifólki sem verður á staðnum. Ef ekki næst að uppfylla þessa reglu vegna fárra nemenda verður fundin viðunandi lausn. Nauðsynlegt er að láta vita tímanlega.
10. Hámarksfjöldi keppenda er 35 manns þar með taldir listamenn, ljósamaður, hljóðmaður og aðrir. Fleiri verið á bakvið tjöldin í öðrum störfum, eins og t.d. búningahönnun, leikmyndagerð o.s.fr.
11. Ef tónlist/hljóð er við atriðið þarf að koma með endanlegt afrit af henni á æfingu á keppnisdegi, á usb lykli eða sambærilegu formi (aук öryggiseintaks), vel merkt og stillt upp í réttari röð miðað við atriðið. Mikilvægt er að hljóðgæði séu mikil.
12. Allir hópar sem taka þátt skila inn lýsingu á atriði hópsins, hvernig það var unnið og skrá yfir heimildir ef notað er efni eftir aðra. Á það við um söguþráð, söngtexta, búninga, tónlist/hljóð eða hvaðeina sem notað er. Dómnefnd fær þessar upplýsingar. Þessu þarf að skila í síðasta lagi 30. apríl í þar til gerðu skali sem finna má á vef Skjálftans, skjálftinn.is – „Lýsing á atriði og heimildaskrá“.



13. Hafa skal jafnréttissjónarmið í huga við allar ákvarðanir sem teknar eru um Skjálftann og við þátttöku í Skjálftanum; hvaða áhrif hver ákvörðun hafi á jafnrétti og hvernig hægt sé að taka ákvarðanir þannig að þær stuðli að því að öll kyn fái notið sín og að þátttökuhópurinn endurspegli fjölbreytileika nemenda í skólanum.
14. Ekki er leyfilegt að nota glimmer, feit efni eða hál (samanber þeyttan rjóma) eða opin eld á sviði. Ef þið hafið spurningar sendið þær á [sudurlands.skjalftinn@gmail.com](mailto:sudurlands.skjalftinn@gmail.com)
15. Dómnefnd er skipuð listamönnum eða öðru fagfólki á sviði lista.
16. Skilyrði fyrir þátttöku er að farið sé eftir þessum reglum.